

Fimmtudaginn 16. júní 1994.

Nr. 59/1992.

**Jón Þóroddsson**

(sjálfur)

gegn

**Vátryggingafélaginu Skandia hf.**

(Ragnar Aðalsteinnsson hrl.)

Víxilmál. Gjalddagi.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 6. febrúar 1992. Hann krefst þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt á þá leið, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fram kom við munnlegan málflutning í Hæstarétti, að nafni stefnda hefur verið breytt í Vátryggingafélagið Skandia hf., en í héraði var nafn félagsins Reykvísk trygging hf.

Málavöxtum er lýst í héraðsdómi.

Víxill sá, sem mál þetta snýst um, var gefinn út 8. október 1986. Hann var útfylltur að öðru leyti en því, að á hann var ekki settur gjalddagi. Slíkur víxill telst gjaldkræfur við sýningu, sbr. 2. mgr. 2. gr. víxillaga nr. 93/1933, óháð því, hvort hann ber áritunina „til sýningar“ eða „sýningarvíxill“. Óumdeilt er, að stefndi færði gjalddagann 13. mars 1991 á víxilinn eftir 28. maí 1990. Gegn mótmælum áfrýjanda er ósannað, að stefndi hafi haft heimild til að rita gjalddaga víxilsins með þessum hætti, sbr. 10. gr. víxillaga. Frá útgáfudegi hans var liðið á fjórða ár, uns á hann var skráður gjalddagi. Þar sem víxilinn var gjaldkræfur við sýningu, bar stefnda, eins og hér stóð á, að endurnýja víxilábyrgð áfrýjanda eða sýna víxilinn innan árs frá gjalddaga, sbr. 1. mgr. 34. gr. víxillaga, ef hann hugðist halda í gildi víxilrétti gagnvart áfrýjanda. Hann gerði hvorugt og hafði því glatað rétti sínum á hendur áfrýjanda sem útgefanda víxilsins, áður en mál-

ið var höfðað, sbr. 1. mgr. 53. gr. laganna. Verður áfrýjandi því sýknaður af kröfum stefnda.

Eftir atvikum er rétt, að stefndi greiði áfrýjanda samtals 200.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

#### D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Jón Þóroddsson, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Vátryggingafélagsins Skandia hf.

Stefndi greiði áfrýjanda samtals 200.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

#### **Dómur bæjarþings Reykjavíkur 27. nóvember 1991.**

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málf lutningi 8. nóvember 1991, hefur Reykvísk trygging hf., kt. 681272-0469, Sóleyjargötu 1, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með áskorunarstefnu, þingfestri 16. apríl 1991, á hendur Sverri Þóroddssyni, kt. 030644-2719, Sólbraut 5, Sel-tjarnarnesi, og Jóni Þóroddssyni, kt. 050342-4629, Hæðarbyggð 27, Garða-bæ.

Málinu var vikið til venjulegrar meðferðar er stefndi, Jón Þóroddsson, skilaði greinargerð sinni á reglulegu bæjarþingi 28. maí 1991.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða stefnanda kr. 3.200.000, stimpilgjald kr. 8.000, auk dráttarvaxta af kr. 3.200.000 [...]. Þá er þess krafist, að stefndu verði in solidum dæmdir til greiðslu málskostnaðar [...].

Af hálfu stefnda Sverris Þóroddssonar var sótt þing við þingfestingu málsins, en þingsókn féll niður af hans hálfu 28. maí 1991. Ekki hefur verið skilað greinargerð af hans hálfu í málinu, eða kröfur gerðar.

Dómkröfur stefnda Jóns Þóroddssonar eru þær að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að honum verði tildæmdur ríflegur málskostnaður [...].

#### *Málsatvik, málsástæður og lagarök.*

Stefnandi höfðar málið sem víxilmál. Víxill sá, er lagður hefur verið fram í málinu, er að fjárhæð kr. 3.200.000, út gefinn og framseldur af stefnda Jóni Þóroddssyni í Reykjavík 8. október 1986 en samþykktur til greiðslu af stefnda Sverri Þóroddssyni í Landsbanka Íslands, Reykjavík. Gjaldldagi víxilsins er 13. mars 1991. Útgefandi hefur fallið frá afsögn víxilsins. Á víxileyðublaðið hefur verið ritað „TRYGGINGARVÍXILL“.

Í málinu liggur fyrir ljósrit af símbréfi, dagsettu 17. apríl 1990, og hefur

það að geyma ljósrit af víxileyðublaði, sem ekki hefur verið skráður á gjalddagi. Óumdeilt er, að það er ljósrit af fyrrnefndum víxli og að gjalddagi var ekki færður á víxilinn fyrr en eftir 17. apríl 1990.

Óumdeilt er að stefndi Sverrir afhenti stefnanda víxilinn sem tryggingu. Stefnandi kveður víxilinn hafa verið afhentan sér sem tryggingu vegna sjálf-skuldarábyrgðar sinnar á skuldabréfi, sem stefndi Sverrir gaf út til veðdeildar Verslunarbanka Íslands hf., að fjárhæð kr. 3.279.000, til fimm ára. Stefndi Jón kveðst hafa talið, að um bráðabirgðafyrirgreiðslu væri að ræða, og til að taka af öll tvímæli um, að um skammtímaábyrgð væri að ræða af hans hálfu, hafi hann sjálfur dagsett víxilinn 8. október 1986 og þar með gefið til kynna, að hann ætlaði einungis að vera skuldbundinn í eitt ár.

Stefndi Jón byggir í fyrsta lagi á því, að víxillinn hafi frá upphafi verið lögformlegur sýningarvíxill, samanber 2. mgr. 2. gr. 1. nr. 93/1933, og því hefði borið að sýna hann innan árs frá útgáfudegi til að halda víxilábyrgðinni í gildi gagnvart honum, samanber 34. gr. 1. nr. 93/1933. Þar sem stefnandi hafi ekki haldið víxlinum til laga sé víxilábyrgð hans fallin niður.

Stefndi byggir í öðru lagi á því að þar sem víxillinn hafi frá hans hendi verið lögformlegur víxill hafi sú athöfn stefnanda að skrá gjalddaga á víxlinn verið breyting á víxlinum, og samkvæmt 69. gr. 1. nr. 93/1933 sé hann aðeins skuldbundinn samkvæmt upphaflegum texta víxilsins. Stefndi telur, að þar sem um lögformlegan víxil hafi verið að ræða frá hans hendi hafi víxillinn ekki verið eyðuvíxill og því hafi stefnandi ekki getað nýtt sér heimild 10. gr. 1. nr. 93/1933 til að rita á hann gjalddaga síðar. Verði ekki fallist á þetta, telur stefndi, að útfyllingarumboð stefnanda hafi fallið niður 8. október 1987 og því hafi stefnandi fyllt víxilinn út á annan veg en um hafi verið samið. Stefndi geti því ekki byggt á víxlinum í því formi sem hann nú sé, enda hafi hann ekki verið grandlaus í skilningi 10. gr. 1. nr. 93/1933.

Stefndi byggir á því í þriðja lagi að eins og víxillinn hafi verið úr garði gerður sé víxilkrafan löngu fyrnd. Gjalddagi víxilsins hafi síðast getað orðið 7. október 1987 og víxilréttur hafi því fyrnst gagnvart útgefanda ári síðar eða 8. október 1988, en þá hafi sannanlega ekki verið búið að útfylla víxilinn.

Í fjórða lagi byggir stefndi á því að stefnandi hafi með því að gera ekki reka að því að halda víxilkrofunni í gildi eða tilkynna stefnda að víxillinn væri ógreiddur, sýnt af sér slíkt tómlæti, að hvorki lagalegir né þjóðfélagslegir hagsmunir réttlæti annað en að hann hafi þar með glatað kröfuréttindum sínum.

Af hálfu stefnanda er talið að varnir stefnda séu ekki meðal þeirra varna sem hafa megi uppi í víxilmáli samkvæmt 208. gr. 1. nr. 85/1936, og er því

mótmælt að þær komist að í málinu. Jafnframt er því mótmælt að nokkuð sé athugavert við meðferð víxilsins, handhöfn hans eða aðferðir við að halda víxilkjöfunni í gildi, og því haldið fram, að varnir stefnda geti ekki leitt til sýknu.

Því er haldið fram að skoða beri hið endanlega skjal, sem liggja fyrir dómi, og varnir, sem lúti að viðskiptunum að baki víxlinum eða hvernig hann hafi verið fylltur út, fái ekki komist að í málinu.

Stefndi telur varnir sínar um, að víxillinn hafi frá upphafi verið sýningarvíxill, komast að í málinu, þar sem þær varði aðferðina við að halda víxilkjöfunni í gildi. Stefndi telur breytingar þær, sem stefnandi hafi gert á víxlinum, vera skjalafals, og komist sú vörn að í víxilmáli. Þá komist varnir, sem byggist á fyrningu, einnig að í víxilmáli.

#### *Forsendur og niðurstaða.*

Bú stefnda Sverris Þóroddssonar var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði bæjarfógetans á Seltjarnarnesi 29. apríl 1991, þ. e. eftir að mál þetta var höfðað. Búið var eignalaust og skiptum lokið 9. september 1991, fyrir fyrstu fyrirtöku í máli þessu eftir að stefnandi lagði fram greinargerð. Málið telst því réttilega höfðað og rekið fyrir bæjarþinginu hvað Sverri varðar.

Þær varnir stefnda Jóns sem byggjast á því, að fram lagður víxill hafi frá upphafi verið sýningarvíxill, komast að í málinu að því leyti, sem þær snúast um hvort stefnandi hafi haldið víxilkjöfu sinni í gildi.

Eitt af skilyrðum fyrir því, að skjal teljist víxill, er, að í því sé greindur gjalddagi, samanber 4. tl. 1. mgr. 1. nr. 93/1933. Í 33. gr. sömu laga segir að víxill geti hljóðað um greiðslu, m.a. við sýningu eða á tilteknum degi. Samkvæmt 2. mgr. 2. gr. laganna er víxill, sem skortir tilgreiningu á gjalddaga gjaldkræfur við sýningu. Þrátt fyrir það að slíkur víxill sé þannig gildur að víxilrétti, verður ekki talið að hann sé ritaður að fullu í skilningi 10. gr. víxillaga.

Óumdeilt er að stefndi Jón gaf víxilinn út til tryggingar skuldbindingum stefnda Sverris gagnvart stefnanda. Gjalddagi var þá hvorki skráður á víxilinn né að hann ætti að greiða við sýningu. Stefnda mátti því vera ljóst að síðar yrði tekin ákvörðun um hver gjalddagi víxilsins yrði.

Stefnandi færði gjalddaga á víxilinn eftir 28. maí 1990. Samkvæmt framansögðu verður að telja, að hann hafi haft formlega heimild til að skrá á víxilinn gjalddaga og er það í samræmi við dómvenju. Skráning gjalddaga á víxilinn var því ekki breyting á texta hans í skilningi 69. gr. 1. nr. 93/1933.

Varnir stefnda Jóns sem lúta að því, að stefnandi hafi fyllt víxilinn út á annan veg en um hafi verið samið og ekki haft heimild til að skrá gjalddaga

á víxilin sva löngu eftir útgáfu hans, lúta að viðskiptunum að baki víxlinum og komast því ekki að í víxilmáli gegn andmælum stefnanda, samanber 2. mgr. 208. gr. l. nr. 85/1936.

Gjalddagi á víxlinum er 13. mars 1991 og var víxilkrafan því ófyrnd er málið var höfðað 16. apríl s. á., enda hefur stefnda Jóni ekki tekist að sýna fram á að miða beri upphaf fyrningarfrests við annan dag en gjalddaga víxilsins.

Réttarreglur um tómlæti þykja ekki geta leitt til sýknu í málinu.

Því ber að taka víxilkröfur stefnanda í málinu til greina að öllu leyti.

Eftir úrslitum málsins ber stefndu að greiða stefnanda málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 270.000 og beri málskostnaðarfjárhæðin dráttarvexti samkvæmt III. kafla l. nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu og til greiðsludags.

Sigurður T. Magnússon, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

#### D ó m s o r ð:

Stefndu, Sverrir Þóroddsson og Jón Þóroddsson, greiði in solidum stefnanda, Reykvískri tryggingu hf., 3.208.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla l. nr. 25/1987 af kr. 3.200.000 frá 13. mars 1991 til greiðsludags.

Stefndu greiði in solidum stefnanda 270.000 krónur í málskostnað. Málskostnaðarfjárhæðin beri dráttarvexti samkvæmt III. kafla l. nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu og til greiðsludags.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að telja að viðlagðri aðför að lögum.